

Aðalfundur VVFÍ og heimsókn til Sorpu 28. maí 2009.

Rúta fyrir 30 manns var tilbúin að leggja af stað klukkan 15:00 með nauðsynlegustu drykkjarföng. Aðeins einn félagsmaður var mættur, formaðurinn sjálfur, til að fara með rútunni og var hún því send til síns heima, en formaður fór á sínum einkabíl. Aðrir tveir félagsmenn mættu beint í Sorpu, svo að dagskránni var fylgt og Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu flutti fundarmönnum frábæra kynningu. Umræður sköpuðust um kynninguna og hið áhugaverða starf, sem unnið er hjá Sorpu og í tengslum við hana. Þess vegna var ákveðið að bíða með heimsókn út í Álfsnes enda er tilefni til sérstakrar ferðar þangað síðar.

Aðalerindi heimsóknar VVFÍ til Sorpu var að kynnast metangasframleiðslu fyrirtækisins. Það kom því skemmtilega á óvart, að Morgunblaðið skyldi birta grein um hana á forsíðu fylgiblaðs um orkumál sama morgun. Það kom fram í máli Björns, að Sorpa getur framleitt mun meira en hún gerir. Eina, sem hindrar aukna framleiðslu, er skortur á bílum, sem nota metangas. Árið 2008 var lögð gasleiðsla frá Sorpu til áfyllingarstöðvar að Bíldshöfða til að auðvelda áfyllingu á bíla. Að vísu er önnur stöð í Hafnarfirði, sem gasið er flutt til á geymum, en Sorpumenn hafa ekki enn viljað auglýsa þá stöð, þótt þeir viti um hana, sem vilja. Í dag eru einungis um 120 metanbílar í umferð en væri auðveldlega hægt að þjóna 1700-2000 bílum með núverandi búnaði og jafnvel allt að 3000 bílum. Þegar hámarksafköstum verður náð er hægt að þjóna 5000 bílum. Við erum hér eingöngu að tala um metangas frá haugunum í Álfsnesi, en hægt er að framleiða metangas úr fjölmörgum öðrum orkugjöfum, svo að engin spurning er um, að metangasbílar eiga framtíð fyrir sér.

Metangasbruni er mun hreinni en hefðbundinna orkugjafa og auk þess stuðlar vinnsla á hauggasi að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda meira en flest annað. Metangas er 21 sinnum verri mengunarvaldur en CO₂. Auk þess er sama tilfinningin að aka metanbíl og að aka benzínbíl nema hvað útblásturinn er hreinni. Það er auðvelt að breyta benzínbíl í blöndu af benzín- og metangasbíl þar sem skipting á milli eldsneytisgjafa er hnökralaus með öllu. Metangas kostar aðeins 98 krónur á m³ samanborið við 170 krónur fyrir sama orkumagn í benzíni. Að lokum er rétt að geta þess, að í Íran eru 50 % bíla knúnir metangasi. Ef Íranar geta það, getum við það líka. Er nokkur spurning um að fá sér metanbíl?

Aðalfundur var haldinn eins og lög félagsins gera ráð fyrir. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun og fundurinn því löglegur. Skýrsla formanns var einföld enda aðeins ein ferð farin á síðasta starfsári til Landhelgisgæzlunnar, vegna þess að hætta þurfti við ýmsar skipulagðar ferðir af óviðráðanlegum ástæðum. Reikningar félagsins lágu frammi og voru samþykktir enda hafnir yfir gagnrýni, þar eð skrifstofa VFÍ heldur utan um þá af öryggi. Engar tillögur bárust frá félagsmönnum af nokkru tagi. Sama stjórn verður áfram og „önnur mál“ komust ekki á dagskrá.

Fundarritun: Egill Þórðarson formaður.